

Har. *Birgir* Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 5. Ágúst 2015
UST201506-133/H.G.G.
10.04.03


Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Hungurfit á Rangárvallaafirétti.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagsbreytingu Hungurfitja í Rangárvallaafirétti.

Samkvæmt greinargerð felur deiliskipulagsbreytingin í sér færslu á byggingareitum innan lóða á skipulagssvæðinu. Hungurfit eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Hungurfit eru innan náttúruverndarsvæðisins N761, Emstrur og Fjallabak.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna en ítrekar athugasemd úr umsögn um fyrra deiliskipulag að fram komi í greinargerð að allt óþarfa rask verði forðast við framkvæmdir á viðkomandi svæði.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur